

# SIÐAREGLUR

## kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg

1. gr.

### Markmið siðareglanna

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem kjörnir fulltrúar vilja sýna af sér við öll sín störf.

Með kjörnum fulltrúum er átt við borgarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar.

2. gr.

### Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar gegna störfum sínum af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar. Í störfum sínum er kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum Reykjavíkurborgar, sem og sannfæringu sinni.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæi í ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Reykjavíkurborgar.

Kjörnir fulltrúar hafa eftirlit með rekstri Reykjavíkurborgar og gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstrar borgarinnar sé ávallt eins og best verður á kosið. Kjörnir fulltrúar aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.

Kjörnir fulltrúar upplýsa íbúa Reykjavíkurborgar um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri borgarinnar eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir til að axla ábyrgð á störfum sínum opinberlega.

Kjörnir fulltrúar skulu fylgja reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

3. gr.

### Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Reykjavíkurborgar **tilhlýðilega**-virðingu.

Kjörnir fulltrúar virða aðgerðir í þágu stjórnsýslueftirlits hjá Reykjavíkurborg og leggja sitt af mörkum til að slíkt eftirlit nái markmiðum sínum.

4. gr.

### Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á slíkum árekstrum. Á þetta einnig við ef þær breytingar verða á högum kjörins fulltrúa, að valdið gætu slíkum hagsmunaárekstrum.

Um mat á hæfi við afgreiðslu einstakra mála og málsmeðferð í því sambandi fer eftir hæfisreglum samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköpum borgarstjórnar. Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Reykjavíkurborg lýkur.

#### 5. gr.

#### Hátternisskyldur

Kjörnir fulltrúar skulu koma fram af háttvísi og sýna hverjum öðrum, starfsmönnum Reykjavíkurborgar og íbúum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist starfi þeirra og þeir forðist að aðhafast nokkuð sem gæti orðið þeim til vanvirðu og álitshnekkis.

Kjörnir fulltrúar skulu ávallt koma fram af kurteisi og ástunda ekki samskipti sem kunna að vera til þess fallin að valda samferðarfólki þeirra vanlíðan.

Kjörnir fulltrúar skulu aldrei sýna öðrum kynferðislega eða kynbundna áreitni, leggja í einelti eða beita annars konar ofbeldi.

#### 65. gr.

#### Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu Reykjavíkurborgar, ef almennt má líta á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu, nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Við mat á því hvað séu óverulegar gjafir skal horft til reglna sem borgarráð setur.

Kjörnir fulltrúar skulu ekki fara fram á eða taka við neinu endurgjaldi, launum eða umbun sem hefur þann tilgang að hafa áhrif á athafnir þeirra sem kjörinna fulltrúa, einkum ákvarðanir þeirra um að styðja eða beita sér gegn máli í umræðum í borgarstjórn eða í ráðum hennar. Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í starfi sínu og ekki taka við óviðeigandi greiðslu eða gjöfum.

#### 76. gr.

#### Trúnaður

Kjörnir fulltrúar gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli og tjáningu einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögætum og málefnalegum rökum.

#### 87. gr.

*Stöðuveitingar*

Kjörnir fulltrúar gæta þess að við stöðuveitingar hjá Reykjavíkurborg sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

9. gr.

*Ætlað brot á siðareglum.*

Forsætisnefnd fjallar um mál sem varða siðareglur kjörinna fulltrúa, framkvæmd þeirra og brot á þeim, að eigin frumkvæði eða á grundvelli skriflegs erindis sem beint er til nefndarinnar.

Forsætinefnd getur vísað erindum til siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem eru í samræmi við hlutverk hennar.

108. gr.

*Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa og almennings*

*Birting siðareglna*

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera öllum aðgengilegar á heimasíðu borgarinnar.

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki borgarinnar, almennings og fjölmiðlum á heimasíðu borgarinnar og annan þann hátt sem borgarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

**Staðfestar og undirritaðar á fundi borgarstjórnar X10. janúar 20196**